



LABBI

3. tölublað

46. árgangur

2012



Glæsilegur vormótshópur á tindi
Arnarfells

Stjörnuspá 9. júní



Vatnsberi: Vaskurinn er ekki vatnasafaríið. Reyndu ekki að rennbleyta þig þegar þú burstar tennurnar.



Fiskur: Hike'ið tók á. Borðaðu staðgóðan hádegisverð og reyndu að safna kröftum fyrir komandi átök.



Hrútur: Láttu ekki egóið frá því í gær stíga þér til höfuðs. Þú ert bara eins og við hin.



Naut: Muuuuu. (djók, það eru bara kindur hér).



Tvíburi: Finndu sólina. Hún er týnd. Ekki samt stökkva fram af bergi ef þú finnur hana hvergi!



Krabbi: Ekki stíga í kúkinn. Þú gætir runnið.



Ljón: Þú heyrðist í þér hrjóta í nótt. Uss, fólk er að reyna að sofa hérna!



Meyja: Naut rennir til þín hýru auga. Er það ást við fyrstu sýn?



Vog: Móri er fyrir aftan þig. Fljót! Náðu honum áður en einhver annar gerir það.



Sporðdreki: Það eru engar rósir án þyrna. Ekki þú heldur.



Bogmaður: Láttu í þér heyra á kvöldvökunni í kvöld. Þú hefur svo fallega rödd.



Steingeit: Mundu að hæla Kristjönu fyrir kakóið.

Sáluhjálparhorn Dr. Móra



Kæri dr. Móri

Ég var á kamrinum, ógeðslegt en nauðsyn! Þar er einnig mjög fínt símasamband. Eins og klaufanum mér er einum lagið missti ég símann minn ofan í.

Hvað skal gera?

Kveðja, klaufinn

Kæri klaufi

Plís ekki hringja í mig af kamrinum.

Kveðja, dr. Móri

Dr. Móri naut sólarinnar í dag

Kæri dr. Móri

Ég datt í Bæjarfelli og nú er vont að beygja sig. Hvað á ég að gera?

Kveðja, ein sem meiðir sig

Kæra ein sem meiðir sig

Á meðan þú horfir til sólar skaltu fara í þrjá kollhnísa á óslegnu grasi. Því næst skaltu taka í stóru ták hægri fótar, þylja skátaheitið aftur á bak og hnerra rækilega. Hættu svo þessu væli.

Kveðja, dr. Móri



Dr. Móri í ærslafullum leik. Stund milli stríða.

Lekur tjaldið? Er svefnpokinn blautur? Það eru ekki vandamál fyrir dr. Móra. En þjáist þú af sálarangist eða ert í vandræðum með ástina, sendu þá dr. Móra línu í Labbaling (í kakótjaldinu).

Skóbúnaður dagsins



Heiðar Hraunbúi kaus að vera fyrirhyggjusamur og gekk í gönguskóm.

Kristín í BSH tjaldbúð gerði ráð fyrir vætusömum degi og fór í gúmmítúttum.



Sumir voru greinilega berfættir.

LABBI 2012

Ábyrgðamenn: Móri og Skotta

Prentverk:

Labbaverk – Skýjaborgir